

Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
ritari nefndarsviðs Alþingis

Reykjavík, 1. mars 2017
1702212/0.4.1/se

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof

Embætti landlæknis fagnar frumvarpi er varðar breytingar á lögum nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum og lögum nr. 113/1990 um tryggingagjald með síðari breytingum.

Einkum er augin tímalengd fæðingarorlofs úr níu mánuðum í tólf mánuði fagnaðarefni, eins og kemur fram í 1. grein frumvarpsins. Þessi breyting styður við heilbrigð tilfinningatengsl foreldra og barna og telst því mikilvæg aðgerð í þágu geðheilbrigðis.

Embættið vill þó eindregið hvetja til þess að umræddar breytingar verði komnar að fullu til framkvæmda árið 2018 í stað þess að breytingarnar séu gerðar í þrepum árin 2018 og 2019.

Í ljósi vaxandi þekkingar á tilfinningalegum þörfum ungbarna og mikilvægi náinna tengsla milli barna og foreldra telur embættið mikilvægt að skilgreina fæðingarorlof ekki einungis sem rétt fullorðinna á vinnumarkaði heldur sem rétt barns til umönnunar á fyrstu mánuðum lífsins.

Í meðfylgjandi greinargerð með frumvarpinu er m.a. fjallað um 3. gr. frumvarpsins þar sem áréttað er að hvort foreldri um sig eigi rétt á fimm mánaða fæðingarorlofi og síðan eru tveir mánuðir sameiginlegir sem foreldrar geta skipt á milli sín.

Embætti landlæknis vekur athygli á því að ekki eru öll börn svo lánsöm að búa með báðum foreldrum sínum. Að mati embættisins er nauðsynlegt að hugsa fyrst og fremst um hag barnsins og rétt þess á bestu mögulegu umönnun. Mikilvægt er að öll börn haldi þessum rétti sínum óháð hjúskaparstöðu og forræðistilhögun foreldra. Embætti landlæknis telur nauðsynlegt að frumvarpið taki einnig til þeirrar stöðu sem getur skapast þegar einungis annað foreldrið kemur að uppeldi barnsins. Í slíkum tilfellum þarf að vera hægt að ráðstafa fæðingarorlofi þannig að barninu sé tryggður sami fjöldi mánaða í umsjá foreldris og öðrum börnum þrátt fyrir að aðeins annað foreldrið komi að uppeldi þess. Fyrir því geta verið ýmsar ástæður, s.s. veikindi eða fráfall hins foreldrisins, fjarlæg búseta, forræðismál eða önnur atriði sem hindra aðkomu beggja foreldra að uppeldi og umönnun barnsins. Eins og frumvarpið stendur núna þar sem annað foreldrið er ekki til staðar og tekur ekki þátt í neinu er varðar umönnun barnsins nýtur það ekki umönnunar foreldris nema í sjö mánuði.

Það er að mati embættisins ekki ásættanlegt að börn sem búa við þannig aðstæður fái ekki sama tíma og önnur börn þar sem báðir foreldrar eru til staðar og taka fulla ábyrgð saman. Slíkt hefur í för með sér mismunun sem er óásættanleg. Umfram allt þarf að gæta jafnræðis og tryggja að börnum sé ekki mismunað hvað varðar heilbriggt upphaf í lífinu og sé öllum tryggður 12 mánaða tími í umsjá nánustu umönnunaraðila óháð félagslegri stöðu og kringumstæðna foreldra. Um er að ræða tiltölulega fá börn og ætti ekki að vera erfitt að koma á móts við þarfir þeirra.

Fyrir hönd Embættis landlæknis,

Salbjörg Bjarnadóttir verkefnastjóri
Sigrún Daníelsdóttir verkefnastjóri